

## Reifun á úrskurði nr. 7/2016 – Búslóð

A kærði ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á sendingu S. Óskaði A eftir því að sendingin nyti tollfrelsis búslóða. A hafði ásamt fjölskyldu sinni hafði flutt erlendis og búið á erlendri grundu í rúma 11 mánuði áður en flutt var aftur til landsins.

Niðurstaða: Í 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 er að finna undanþágu frá almennri tollskyldu. Samkvæmt ákvæðinu er búslóð þeirra sem flytjast búferlum til landsins tollfrjálsar að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í fyrrnefndu ákvæði tollalaga, sem og í 16. gr. reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi, þar sem undanþágan er frekar útfærð, er kveðið á um það almenna skilyrði tollfrelsis búslóða að innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis í að minnsta kosti samfelld í eitt næstliðið ár fyrir búferlaflutning til landsins. Telur Tollstjóri að umrædd sending uppfylli ekki skilyrði til þess að geta notið tollfrelsis skv. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga sbr. 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi. Var ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda staðfest.